

Ágæti skólustjóri.

Meðfylgjandi er [fréttatilkynning](#) sem mennta- og menningarmálaráðuneytið sendi frá sér í gær ásamt [minnisblaði](#) um meðferð á niðurstöðum úr samræmdum könnunarprófum í 9. bekk grunnskóla.

Eins og fram kemur í fréttatilkynningunni gefst nemendum sem nú eru í 9. bekk kostur á að þreyta að nýju könnunarpróf í ensku og íslensku. Þeir nemendur sem luku prófum í síðustu viku fá afhentar niðurstöður innan þriggja vikna en öllum nemendum gefst kostur á að þreyta sambærileg könnunarpróf að nýju. Þeir nemendur sem kjósa, að höfðu samráði við forráðamenn, að taka ekki könnunarprófin verða leystir undan prófskyldu. Nemendur munu fá niðurstöður sínar áður en þeir taka ákvörðun um hvort þeir vilja þreyta prófið að nýju.

Skólustjórar munu eiga kost á að velja hvort könnunarprófin verði lögð fyrir í vor eða á komandi hausti. Ákvörðun um dagsetningar verður tekin á næstu dögum í samráði við Skólustjórafélag Íslands, sveitarfélög og aðra hagaðila. Mun stofnunin senda út upplýsingar um nýja prófdaga þegar dagsetningar liggja fyrir og að loknu samráði.

Ljóst er að það mun taka nokkurn tíma fyrir starfsfólk Menntamálastofnunar að útbúa ný próf og undirbúa fyrirlögn könnunarprófanna. Verða ný próf unnin í samráði við sérfræðihóp mennta- og menningarmálaráðuneytis sem hefur eftirlit með framkvæmd samræmdra könnunarprófa. Jafnframt verður leitað aðstoðar utanaðkomandi sérfræðinga. Stefnt er að því að þeirri vinnu verði lokið innan þriggja vikna. Þá munu einnig liggja fyrir niðurstöður tæknilegrar úttektar á prófakerfinu og úttektar á ferlum Menntamálastofnunar vegna fyrirlagnar prófanna.

Menntamálastofnun mun leitast við að veita sem ítarlegastar upplýsingar til nemenda, foreldra og skóla um gang mála. Verða svör við helstu spurningum birt á heimasíðu og Facebook-síðu stofnunarinnar og haldnir verða upplýsingafundir sem aðgengilegir verða á netinu. Einnig mun þjónustuver stofnunarinnar veita upplýsingar í síma 514-7500. Eru allir þeir sem spurningar

hafa um prófin hvattir til þess að senda þær á netfangið [irp@mms.is](mailto:irp@mms.is) eða á Facebook-síðu stofnunarinnar. Skólastjórar eru beðnir um að benda nemendum, foreldrum og forráðamönnum á þessar upplýsingar.

Menntamálastofnun mun kappkosta að eiga sem best samstarf við grunnskóla um þessa framkvæmd og að hún valdi sem minnstu raski fyrir skólastarf.

Með kveðju,  
Arnór Guðmundsson,  
forstjóri Menntamálastofnunar.